

Páskarnir mínir

Ég heiti Jónas og er 12 ára og ég á heima í Kópavogi. Í fjölskyldunni minni eru líka mamma, pabbi og Elín systir mín. Það er bráðum að koma vor og það finnst mér skemmtilegt.



Ég ætla að segja þér hvernig páskar eru á Íslandi. Páskarnir eru á vorin og þá fagna kristnir menn upprisu Jesú. Á Íslandi byrja páskafrí á fimmtudegi sem heitir skírdagur. Í skólanum gerum við oft páska- verkefni. Núna ætlum við klippa páskaegg úr pappír og mála þau í mörgum litum. Mér finnst gaman að búa til páskastrauk.

Á eftir skírdegi kemur föstudagurinn langi. Mér finnst skemmtilegast á páskafrí sem er á sunnudegi. Þá fæ ég eitt súkkulaði-páskaegg. Ofan á páskaegginu er oftast páskaungi. Inni í páskaegginu er nammi og lítið blað. Á blaðinu er málsháttur. Einu sinni fékk ég málshátt sem er svona: "Margur er knár þótt hann sé smár." Það þýðir að sá sem er lítill getur verið mjög duglegur. Mamma og pabbi fela stundum páskaegg með mitt og þá þarf ég að leita að því. Það finnst mér gaman. Á páskafrí borðum við lambasteik og kökur. Mér finnst gaman á páskafrí því þá er öll fjölskyldan í fríi og það er enginn skóli í tíu daga ☺

Merktu við satt (✓) eða ósatt (✗)

- 1 Páskarnir eru á sumrin.
- 2 Páskarnir byrja á fimmtudegi á Íslandi.
- 5 Krakkarnir búa til páskastrauk í skólanum
- 6 Jónasi finnst leiðinlegt að búa til páskastrauk.
- 7 Að leita að páskaeggjum þýðir að borða páskaegg.
- 8 Jónas fær eitt súkkulaðipáskaegg.
- 9 Á Íslandi er ekki páskafrí í skólanum.

Svaraðu spurningunum.

- 1 Hvenær eru páskar?

- 2 Af hverju eru páskar?

- 3 Hvað fá krakkar á Íslandi á páskafrí?

- 4 Af hverju finnst Jónasi gaman á páskafrí?

Skrifaðu rétt númer við myndirnar

- 1 kirkja
- 2 leita að páskaegg
- 3 vor
- 4 bollur
- 5 súkkulaði-páskaegg
- 6 garður
- 7 múffa
- 8 ungi
- 9 kanína
- 10 lambasteik
- 11 mála egg
- 12 karfa
- 13 páskaegg
- 14 kaka
- 15 hattur



Ljúktu við setninguna.

- 1 Í skólanum hjá Jónasi ætla krakkarnir að _____ og _____ páskastrauk.
- 2 Það er páskaungi _____ páskaegginu.
- 3 Mamma og pabbi _____ stundum páskaegg.
- 4 Á páskafrí borðar fjölskyldan _____ og _____.
- 5 Á _____ er frí í tíu daga á Íslandi.

Er haldið upp á páska í þínu heimalandi?
Hvernig? Hvað ætlar þú að gera í páskafríinu?
Hvaða mat borðar fjölskylda þín á páskafrí?